

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 84/2025

2025/EES/38/42

frá 14. mars 2025

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2974 frá 29. nóvember 2024 um að fastsetja niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB um losun í iðnaði, fyrir smiðju- og steypuiðnaðinn ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L, 2024/90826, 20.12.2024.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 1fzb (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2749) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„1fzc. **32024 D 2974**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2974 frá 29. nóvember 2024 um að fastsetja niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB um losun í iðnaði, fyrir smiðju- og steypuiðnaðinn (Stjtið. ESB L, 2024/2974, 6.12.2024), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L, 2024/90826, 20.12.2024.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2024/2974, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L, 2024/90826, 20.12.2024, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópu-sambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. mars 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. mars 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2974, 6.12.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2024/2974/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.